



Samtök
um söguferðapjónustu
Ársreikningur 2013

Samtök um söguferðapjónustu
660606-2460
Erluhrauni 4
220 Hafnarfirði

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	2	Efnahagsreikningur	5
Áritun höfundar	3	Yfirlit um sjóðstreymi	7
Rekstrarreikningur	4	Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar

Samtök um söguferðaþjónustu eru samtök félaga, stofnana, opinberra aðila og fyrirtækja, sem koma að söguferðaþjónustu á Íslandi og er markmið þeirra að efla slíka ferðaþjónustu og að vera samráðsvettvangur þeirra sem starfa í henni samkvæmt 2. grein laga samtakanna.

Starfsemi samtakanna gekk nokkuð eftir áætlun árið 2013. Prentaðir voru nýir bæklingar fyrir ferðamenn og þeir prentaðir á í tveimur gerðum með fjórum tungumálum. Bæklingunum var sem áður dreift skipulega vítt og breitt um landið yfir allt árið og á ferðasýningum erlendis og hérlandis. Þá voru búnar til möppur undir kynningarefni með tillögum að ferðaleiðum og leiknar útvarpsauglýsingar hljómuðu á útvarpsstöðvum yfir sumarið til að lokka íslenska ferðamenn í sögulegar heimsóknir. Heimasíðu samtakanna var viðhaldið, www.soguslodir.is, og reynt að uppfæra upplýsingar á henni en ekki lagt í mikla nýja vinnu við hana heldur lögð drög að samvinnu við Íslandsstofu um kynningu á vef þeirra. Samtökin stóðu fyrir árlegu Söguslóða-málþingi í Þjóðmenningarhúsinu 26. apríl, um leið og þau héldu aðalfund sinn. Þátttaka var með ágætum og aðalfyrirlesarinn kom að þessu sinni frá Tower of London.

Samtökin hafa unnið áfram í sínu innra starfi þó að fræðsluferð til útlanda hafa ekki verið farin 2013. Tveir félagsfundir voru haldnir, í febrúar í Skagafirði og í október í Dölunum. Þá voru fyrstu skref tekin í átt að því að víkka samtökin út í tíma og fjölga félögum sem vinna með söguferðaþjónustu sem tengist öðrum tíma en miðöldum.

Samstarfssamningur var í gildi við iðnaðarráðuneytið frá því 2012 um áframhaldandi þróun ferðaþjónustu undir merkinu Söguslóðir Íslands. Í honum var kveðið á um árlegt 3 m.kr. framlag frá ríki til tveggja ára gegn jafnhárra upphæð frá aðilum að samtökunum í formi félagsgjalda og framlaga til kynningarefnis. Einnig að samtökin hefðu áfram aðgang að 25% hlutastarfsmann hjá Ferðamálastofu. Ýmsum verkefnum var komið áleiðis gegnum þann samning og á grundvelli hans var einnig farið í samstarf við Íslandsstofu. Fyrri hluta árs 2013 kom út kynningarrit um íslenskan menningararf og sögu miðalda sem unnið var af Borgarmynd í samvinnu við Íslandsstofu og SSF. Íslandsstofa dreifir þessu riti gegnum ferðakaupstefnur og aðrar dreifileiðir.

Samtökin voru áfram þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi um víkingaslóðir (Destination Viking Association) og aðili að umsóknum um styrki til Evrópuverkefna gegnum þau, án árangurs.

Enginn starfsmaður starfaði hjá samtökunum á árinu en Pétur Jónsson vann að ákveðnum verkefnum í verktöku sem lutu að kynningarefni og heimasíðu. Önnur störf voru fyrst og fremst unnin í sjálfböðavinnu nema hvað formaður og gjaldkeri fengu greitt fyrir hluta vinnu sinnar.

Halli varð af rekstri samtakanna um tæpa milljón króna á árinu samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í árslok nam 1,6 millj. kr.

Stjórn samtakanna er kosin á lögmætum aðalfundi samtakanna sbr. 7. grein samþykktu Samtaka um söguferðaþjónustu.

Stjórn Samtaka um söguferðaþjónustu staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík 2014

Í stjórn:

Áritun höfundar

Til stjórnar og aðila að Samtökum um söguferðapjónustu

Við höfum samið ársreikning Samtaka um söguferðapjónustu fyrir árið 2013 en hann hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1-4 auk sundurliðana.

Ársreikningurinn er unninn í umboði stjórnar samtakanna, sem ber ábyrgð á efni hans. Hann er byggður á bókhaldi og gögnum samtakanna ásamt öðrum upplýsingum frá stjórnendum þess.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð ársreikninga. Höfum við sannreynt stöðu á bankareikningum, kannað réttmæti viðskiptakrafna og skulda og unnið framsetningu ársreikningsins í heild.

Við höfum leitast við að haga framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju, og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Egilsstöðum 2.maí 2014

SKRA - Skrifstofupjónusta Austurlands

Sigurjón Bjarnason

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Samtaka um söguferðapjónustu, höfum yfirfarið ársreikning samtakanna fyrir árið 2013. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík 2014

Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýr.	2013	2012	2011
Rekstrartekjur:				
Framlag ríkissjóðs.....		3.000.000	3.000.000	3.700.000
Leonardo v. fræðsluferða.....		0	2.540.560	
Framlög félaga vegna kynningar.....		2.900.000	3.100.000	3.100.000
Árgjöld.....		768.000	696.000	625.000
Auglýsingastyrkir.....		180.000	0	160.000
Aðrar tekjur.....		459.000	639.000	697.380
		7.307.000	9.975.560	8.282.380
Rekstrargjöld:				
Kynningarmál		5.276.569	3.357.105	5.776.305
Leonardo fræðsluferð		0	2.817.647	0
Heimasíða		90.966	493.269	743.625
Ferðakaupstefnur		530.486	640.586	55.000
Söguslóðir, málþing		517.088	446.117	410.994
Annar rekstrarkostnaður		1.871.047	1.019.528	2.677.543
		8.286.156	8.774.252	9.663.467
(Tap) hagnaður fyrir fjármagnsliði:		(979.156)	1.201.308	(1.381.087)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur		21.413	18.169	20.753
Fjármagnstekjuskattur.....		(1.830)	0	0
Gengismunur inneigna.....		(7.886)	44.427	(170)
Vaxtagjöld.....		(13.575)	(25.653)	(26.708)
		(1.878)	36.943	(6.125)
(Tap) hagnaður ársins	4	(981.034)	1.238.251	(1.387.212)

31. desember 2013

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2013	2012
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé		<u>1.627.508</u>	<u>2.608.542</u>
Eigið fé samtals	4	<u>1.627.508</u>	<u>2.608.542</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir.....		<u>71.714</u>	<u>291.947</u>
		<u>71.714</u>	<u>291.947</u>
Skuldir samtals		<u>71.714</u>	<u>291.947</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>1.699.222</u></u>	<u><u>2.900.489</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar:			
(Tap) hagnaður ársins samkvæmt rekstrarreikningi	4	(981.034)	1.238.251
Veltufé frá (til) rekstri		<u>(981.034)</u>	<u>1.238.251</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (lækkun) hækkun.....		19.967	(575.000)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		<u>(220.233)</u>	<u>62.441</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>(200.266)</u>	<u>(512.559)</u>
Handbært fé (til) frá rekstri		<u>(1.181.300)</u>	<u>725.692</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....		(1.181.300)	725.692
Handbært fé í ársbyrjun		<u>1.507.689</u>	<u>781.997</u>
Handbært fé í árslok	3	<u><u>326.389</u></u>	<u><u>1.507.689</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Beitt var kostnaðarverðsaðferð við gerð ársreikningsins.

Viðskiptakröfur

2. Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Niðurfærsla er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

Handbært fé

3. Bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis

Eigið fé

4. Yfirlit um eiginfjárreikning:	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2013.....	2.608.542	2.608.542
Tap ársins	(981.034)	(981.034)
Eigið fé 31.12.2013.....	<u>1.627.508</u>	<u>1.627.508</u>

Sundurliðanir

	2013	2012	2011
Árgjöld:			
Árgjöld félaga, fyrirtækja og stofnana, full aðild.	600.000	576.000	560.000
Árgjöld einstaklinga, aukaaðild	168.000	120.000	65.000
	<u>768.000</u>	<u>696.000</u>	<u>625.000</u>
Aðrar tekjur:			
Ráðstefnu- og fundagjöld	39.000	49.000	232.380
Sala á fánum SSF	70.000	0	0
Hlutdeild félaga í útvarpsauglýsingum	350.000	365.000	465.000
Aðrar tekjur	0	225.000	0
	<u>459.000</u>	<u>639.000</u>	<u>697.380</u>

Sundurliðanir, frh.:

	2013	2012	2011
Kynningarmál:			
Prentun kynningarefnis	2.503.183	574.706	1.504.749
Birting auglýsinga	1.080.686	1.200.265	1.499.177
Hönnun, umbrot og umsjón	735.620	934.933	2.133.167
Dreifingarkostnaður	488.646	520.561	610.602
Textavinna og þýðingar	256.275	126.640	27.610
Prentun fána	212.159	0	0
	<u>5.276.569</u>	<u>3.357.105</u>	<u>5.775.305</u>
Leonardo fræðsluferð:			
Framlag v. umsýslu	0	300.000	0
Framlag v. ferðakostnaðar	0	155.500	0
Ferðakostnaður	0	917.374	0
Gisti- og fæðiskostnaður	0	1.400.318	0
Aðgangseyrir og fl.	0	44.455	0
	<u>0</u>	<u>2.817.647</u>	<u>0</u>
Heimasíða, www.soguslodir.is			
Hýsing, lén	48.104	82.244	85.666
Umsjón	42.862	411.025	657.959
	<u>90.966</u>	<u>493.269</u>	<u>743.625</u>
Annar rekstrarkostnaður			
Erlend samstarf, ferðakostnaður og árgjöld	427.706	312.688	414.284
Umsjón með verkefnum	702.200	439.250	885.500
Bókhald og reikningsskil	195.028	162.580	342.849
Afskrifaðar kröfur	112.000	10.000	621.000
Þjónustugjöld	59.542	65.260	37.240
Pappír, prentun og ritföng	28.972	0	0
Fundir og námskeið	348.124	0	648.920
Hækkun /lækkun) niðurfærslu viðskiptakrafna	(2.525)	29.750	(272.250)
	<u>1.871.047</u>	<u>1.019.528</u>	<u>2.677.543</u>